



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Íbúaráð Miðborgar og Hlíða
Heimir Snær Guðmundsson
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Sendandi: Skóla- og frístundasvið

Svar við fyrirspurn

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 24. nóvember 2022 lagði ráðið fram svohljóðandi fyrirspurn, sbr. 9. liður fundargerðar ráðsins sama dag:

Með vísan í erindi frá Foreldrafélag barna við leikskólann Hlíð, þá er óskað er eftir því að fá upplýsingar um stöðu húsnæðismála er varðar leikskólann sjálfan. Vísað er til erindis frá Foreldrafélagi Leikskólans Hlíð frá 31.10.2022. MSS22110228.

Vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs

Svar:

Það hefur sannarlega reynt á leikskólasamfélagið í Hlíð á liðnum mánuðum. Við vitum að það er í mörg horn að líta í þessu máli og mikilvægt að allir séu vel upplýstir um hvar það er statt.

Ákveðið hefur verið að gera við húsnæði stóru Hlíðar og hefja þar leikskólastarfsemi að nýju, nema að önnur betri laust finnist síðar í ferlinu. Ljóst er að húsið sem áður var íbúðarhús hentar ekki vel fyrir leikskólastarfsemi. Ásamt viðgerðum og viðhaldi verða gerðar breytingar innanhúss til að bæta aðstöðu og færa húsið í nútímalegra horf. Reykjavíkurborg ásamt sérfræðingum frá Eflu og Heilbrigðiseftirlitinu vinna nú hörðum höndum við að lagfæra húsnæði Litlu Hlíðar. Sem betur fer er talið óþarft að loka húsnæðinu og flytja starfsstöðina annað. Við á skóla- og frístundasviði leggjum áherslu á að halda óbreyttri staðsetningu okkar starfsstöðva sé þess nokkur kostur því það er oftast minnsta raskið fyrir starfsemi, börn, starfsfólk og foreldra.

Á fundi með foreldrum 30. nóvember sl. kom fram hjá fulltrúa verkfræðistofunnar Eflu að unnið er að mótvægisáðgerðum t.a.m. fjarlægja dúka af svæðum þar sem finna má rakaskemmdir og skáp í matsal auk þess sem farið verður í sérstök þrif. Þessi vinna mun fara næstu þrjár helgar og lýkur því helgina 17.-18. desember.

Samhliða þessum framkvæmdum fer fram áframhaldandi vinna við að leita að hentugu húsnæði fyrir aðra starfsemi leikskólann innan hverfis.

Verið er að skoða úrræði fyrir þau börn sem nú eru í gömlu Brákarborg og leikskólanum Klömbrum en ljóst er að hluti barnahópsins verður fluttur í Safamýri 5.

Virðingarfyllt
Ólafur Brynjar Bjarkason
Skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála